



**65. fundur Fjölskylduráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 7. mars 2023  
og hófst hann kl. 12:30**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eypórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir íþróttá- og æskulýðsstjóri, Stefanía Malen Stefánsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs og Marta Wium Hermansdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

**Fundargerð ritaði:** Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir og Bylgja Borgþórsdóttir, fræðslustjóri og íþróttá- og æskulýðsstjóri

Áheyrnarfulltrúar grunnskóla Þorbjörg Sandholt, Helena Rós Einarsdóttir og Valdís Dögg Rögnvaldsdóttir sátu 1. - 2. lið. Áheyrnarfulltrúar leikskóla Þórunn Hrund Óladóttir og Ragnhildur Kristjánsdóttir sátu 2. - 5. lið. Þórunn Hrund Óladóttir skólastjóri Seyðisfjarðarskóla sat 5. lið.

**Dagskrá:**

**1. 202303029 - Útboð á skólaakstri í grunnskólum**

Fyrirliggur að samningar við alla skólabílstjóra Múlapings renna út á vormánuðum 2023.

Fjölskylduráð felur fræðslustjóra undirbúa útboð og leita til fagaðila við undirbúning og framkvæmd þess.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu

**2. 202302036 - Þjónusta sveitarfélaga 2022, könnun**

Þjónustukönnun, tuttugu stærstu sveitarfélaga, var framkvæmd í desember 2022-janúar 2023 á vegum Gallup. Niðurstaða könnunarinnar sýnir að ánægja með leik- og grunnskóla í Múlaþingi er á landsmeðatali.

Lagt fram til kynningar og jafnframt er fræðslustjóra falið að taka saman skýrslu sem byggir á niðurstöðu innra mats skólanna.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingum.

**3. 202302197 - Betri vinnutími í leikskólum Múlapings**

Fyrirliggur aðgerðaráætlun vegna innleiðingu „betri vinnutíma“ í leikskólum Múlapings að tilmælum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Breytt fyrirkomulag á vinnutíma tekur gildi 1. ágúst 2023.



Lagt fram til kynningar

**4. 202303019 - Staða á biðlista eftir leikskólaplássi fyrir 12 mánaða börn**

Fyrirliggur yfirlit á úthlutuðum plássum á þessu skólaári og staðan á umsóknum og lausum plássum fyrir næsta skólaári í leikskólum Múlapings.

Lagt fram til kynningar

**5. 202212049 - Leikskóli Seyðisfjarðar, starfmannamál**

Fyrirliggja tillögur frá Starfs- og kjararáði, dagsett 28. febrúar 2023. Tillögurnar, sem eru tímabundnar í sex mánuði, koma að beiðni fræðslustjóra til að bregðast við manneflu í leikskóladeild, Seyðisfjarðarskóla.

Fjölskylduráð leggur til við Sveitarstjórn að sveitarfélagið aðstoði fagmenntað starfsfólk við að finna húsnæði á Seyðisfirði. Jafnframt verði greiddar mánaðarlegar greiðslur í sex mánuði til starfsfólks leikskóladeildar Seyðisfjarðarskóla. Fræðslustjóra falið að vinna áfram með þessar tillögur.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**6. 202303028 - Þjóðfundur um framtíðarskipan heilstæðrar skólaþjónustu**

Fyrirliggur tölvupóstur frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, dagsett 2. mars 2023. Í póstinum er óskað er eftir að sveitarfélög hafi sinn eigin þjóðfund heima í héraði. Tilgangur þjóðfundarins er að varpa ljósi á álitamál og leita lausna í sameiningu um bestu framtíðarskipan heilstæðrar skólaþjónustu í þágu nemenda.

Fjölskylduráð stefnir á að halda sambærilegan fund í tengslum við vinnu á fjölskyldustefnu Múlapings og þar verða mál skólaþjónustunnar m.a. tekin fyrir.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**7. 202012045 - Skýrsla fræðslustjóra**

Lagt fram til kynningar

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00**

